

Vísindasjóður FF og FS  
Erla Elín Hansdóttir  
formaður  
Bitruhálsi 2  
110 Reykjavík

Reykjavík, 24. september 2015.

### **Tilboð um sættir**

Vísað er til málsóknar Vísindasjóðs FF og FS á hendur Kennarasambandi Íslands. Málið var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur 23. janúar 2014. Gagnsök KÍ á hendur Vísindasjóðnum var þingfest 6. mars 2014. Aðdragandi að málsókninni nær þó aftur til 2011, er ágreiningur varð um afhendingu bókhaldsgagna til Vísindasjóðsins.

KÍ telur að eftir á að hyggja hafi verið atriði sem hafi mátt fara betur í viðskiptum KÍ og Vísindasjóðsins. Er það harmað og áréttar KÍ afsökunarbeiðni sína varðandi sinn hlut um hvernig til tókst. KÍ telur mikilvægt að binda enda á málið og að tekið verði upp uppbyggilegt samstarf í þess stað, án skugga dómsmálsins. Á þessum forsendum og í kjölfar umræðu á stjórnarfundi KÍ þann 18. september 2015 og á stjórnarfundi FF þann 23. september setjum við fram fyrir hönd KÍ og FF nú fram eftirfarandi sáttatilboð:

1. Aðilar fella niður kröfur hvor á hendur hinum sem settar hafa verið fram í dómsmálinu, þar með talda endurgreiðslu til félagssjóðs KÍ vegna útlagðrar endurgreiðslu fyrir Vísindasjóðinn, samtals að fjárhæð kr. 1.989.410.
2. Dómsmálið verði felld niður án kostnaðarkrafna.
3. Vísindasjóðurinn verði aftur þjónustaður af KÍ í Kennarahúsi, þannig að þjónusta sjóðsins til félagsmanna verði á opnunartíma Kennarahúss. Til að byrja með verði umsjón sjóðsins á ábyrgð starfsmanns FF og viðræður um þjónustusamning og fyrirkomulag þjónustu í KÍ húsi hefjist samhliða og verði formaður FF Guðríður Arnardóttir og þjónustustjóri sjóða Ólöf S. Björnsdóttir í viðræðunefnd fyrir hönd KÍ.
4. Tilboðsfrestur er 14 dagar frá dagsetningu bréfs þessa. Verði tilboðið ekki samþykkt innan tilboðsfrestsins telst það úr gildi fallið.

Virðingarfyllst,

f. h. Kennarasambands Íslands

Þórður Hjaltested, formaður KÍ  
og  
Guðríður Arnardóttir formaður FF